



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skuggasund 1

101 Reykjavík

Reykjavík, 3. ágúst 2023

Efni: Umsókn um undanþágu frá 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim vegna starfsemi leikskóla í húsnæði Kringlunnar 1, Reykjavík.

Síðan í júní 2022 hefur Reykjavíkurborg fært sér í not húsnæði á fyrstu hæð í Kringlunni 1 (F2031783) sem bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskólann Sunnuás meðan skólinn er tekinn til nauðsynlegra framkvæmda. Framkvæmdirnar í Sunnuási grundvallast ekki síst á vandamálum sem tengjast óheilnæmri innivist og myglu og því mikilvægt að bregðast hratt við þar sem notendur húsnæðisins eru eins og gefur að skilja að stærstum hluta börn.

Alkunna er að Reykjavíkurborg hefur undir höndum fleira leikskólahúsnæði með mikla viðhaldsþörf þar sem mygla og óheilnæm innivist hefur gert vart við sig. Viðhald leikskólahúsnæðis er vandkvæðum bundið einkum vegna tveggja þátta. Í fyrri stað er starfsemin viðkvæm og því erfitt og í mörgum tilvikum ómögulegt að sinna viðhaldi og framkvæmdum í kringum ung börn. Í annan stað eru leikskólar, ólíkt grunnskólum, einungis lokaðir í fjórar vikur í senn og þá yfir hásumartímann. Fjórar vikur duga ekki fyrir eðlilegu viðhaldi og endurnýjun en því til viðbótar eru verklegar framkvæmdir á þessum tíma árs jafnan í hægagangi vegna orlofa iðnaðarmanna, hönnuða, eftirlitsaðila og annarra er að verklegum framkvæmdum koma.

Reykjavíkurborg þarf því öllum stundum að geta átt aðgengi að bráðabirgðahúsnæði – ekki einungis til viðbragðs við bráðamálum á borð við myglu, heldur einnig til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar á skólahúsnæði. Sem stendur er Reykjavíkurborg í stórfelldu viðhaldsátaki á skólum borgarinnar og verður allt að 35 ma. króna varið til viðhalds og endurnýjunar á skólahúsnæði á næstu árum. Það átak er tímabært og í sumum tilvikum mjög aðkallandi. Einnig er alkunna sú vöntun sem er á leikskólaplássum á höfuðborgasvæðinu öllu og vill Reykjavíkurborg síst þurfa loka leikskólum og leggja tímabundið niður starfsemi þeirra meðan nauðsynlegu viðhaldi og úrbótum er sinnt á húsnæði þeirra.

Fullkomlega viðhlítandi bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla er vandfundið sé það fundið yfir höfuð. Sú bráðabirgðastarfsemi sem rekin hefur verið í Kringlunni 1 hefur þó gefist einkar vel¹ og í því ljósi hefur verið sótt um starfsleyfi í Kringlunni 1 að nýju og nú fyrir leikskólann Kvistaborg. Kvistaborg er 75 barna leikskóli við Kvistaland 26 sem verður tekinn til heildarendurnýjunar en þar innan var heilnæmri innivist mjög ábótavant og myglu að finna víða. Starfsemi leikskólans fer sem stendur fram í færanlegum kennslueiningum á lóð Kvistaborgar sem þarf að rýma þegar skólinn verður tekinn til heildarendurnýjunar.

¹ Sjá t.d. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-07-11-haestanaegd-med-bradabirgdaleikskola>



Þeirri umleitan var synjað af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) á þeim forsendum að við leiksvæði sunnan megin við húsið fari hljóðstig yfir viðmiðunarmörk og að í kringum lóðina sé þung umferð á Kringlumýrarbraut og Listabraut. Reykjavíkurborg hefur látið framkvæma hvorutveggja hljóð- og loftmælingar á umræddu leiksvæði. Í hljóðmælingu framkvæmdri af verkfræðistofunni EFLU dags. 9.6.2022 reiknast hávaði á leikskólalóð að stærstum hluta undir viðmiðunarmörkum. Leggur EFLA til hækkun á hljóðmön umhverfis lóðina sem leið til að ná fram betri hljóðvist á lóðinni en Reykjavíkurborg hefur þegar leitað sér ráðgjafar og óskað eftir kostnaðaráætlun fyrir slíkri framkvæmd. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur þá lagt fram gögn um fjölda bíla á Kringlumýrarbraut og Listabraut á sólarhring og færð til bókar í eftirlitsskýrslu á húsnæði og lóðinni að fulltrúar Heilbrigðiseftirlitsins hafi „*fundið fyrir einkennum svifryksertingar*“. Að öðru leyti hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ekki lagt fram frekari gögn varðandi loftgæði á lóðinni. Reykjavíkurborg hefur þá beðið verkfræðistofuna VISTA gera loftmælingar á lóð og innan húsnæðisins en samkvæmt skýrslu þeirra frá ágúst 2022 (tilv. UV22-5) mælast hæstu gildi kolmónoxíðs og nituroxíðs langt undir viðmiðunarmörkum. Því til viðbótar hefur Reykjavíkurborg látið setja upp sírita á leikskólalóðinni sem mælir svifryk, brennisteinsvetni, koltvísýring, köfnunarefnisoxíð, kolmónoxíð og köfnunarefnisdíoxíð. Þær mælingar eru vaktaðar af EFLU sem fá sendar viðvaranir fari gildi yfir viðmiðunarmörk og fara fulltrúar EFLU á staðinn ef þörf krefur. Á grundvelli skýrslu VISTA hefur HER áður ályktað í tilviki starfsleyfisumsóknar Sunnuáss í Kringlunni 1, að þau muni ekki banna notkun á útisvæði á suðurhlið hússins sé það einungis notað á þeim tímum dags sem VISTA leggur til.

Á grundvelli þess sem hér er rakið sækir Reykjavíkurborg um undanþágu frá 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem m.a er kveðið á um að þess sé gætt að staðsetning skóla verði ekki fyrir ónæði vegna hávaða frá umferð. Einnig er sótt um undanþágu frá 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim þar sem m.a. er kveðið á um að óheimilt sé að staðsetja leiksvæði ætlað börnum þar sem ónæði getur stafað frá umferð.

Undanþágubeiðnir þessar snúa að notkun leikskólans Kvistaborgar á húsnæði í Kringlunni 1, fyrstu hæð, ásamt lóð á suðurhlið hússins að þeim skilyrðum uppfylltum sem Umhverfis-, orku- og umhverfisráðuneytið hefur sett áður.

Áætlað er að nýta Kringluna 1 á sama hátt og hefur verið gert í tilviki Sunnuáss þar sem öll neðsta hæðin er nýtt að undanskildum geymslum. Það tímabil sem sótt er um undanþágu miðast við 31. október 2023 til 31. júlí 2025.

Rökstuðningur fyrir fyrrnefndum undanþágubeiðnum er eftirfarandi:

- a) Um er að ræða skamman tíma, húsnæðið er til bráðabirgða meðan nauðsynlegt viðhald og endurbætur eiga sér stað.
- b) Verkfræðistofan VISTA hefur framkvæmt loftgæðamælingar á svæðinu og á grundvelli þeirra hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ályktað að þau muni ekki banna notkun á útisvæði á suðurhlið hússins sé það einungis notað á þeim tímum dags sem VISTA leggur til í minnisblaði sínu dags. 16. september 2022 (frá 10:30 – 12:00 og 13:00 – 14:30). Farið verður eftir þeim tilmælum í hvívetna.
- c) Síritar er mæla loftgæði verði áfram notaðir og verður sérstaklega fylgst með á þeim tíma er nagladekkjanotkun er heimil skv. ráðleggingum HER dags. 26. september 2022.



- d) Loftgæðamælir utandyra mun mæla hvorutveggja svifryk og niturdíoxíð skv. skilyrðum HER dags. 31. maí 2022 en þó fleiri lofttegundir eins og fyrr greinir. Niðurstöður þess mælis verða gerðar HER aðgengilegar í rauntíma.
- e) Í samræmi við eftirlitsskýrslu HER dags. 6.10.2022 verður útbúið skriflegt verklag fyrir aflestur, túlkun og viðbrögð við mælingum á loftgæðum innan- og utandyra sem og mælingu á hljóðgæðum utandyra.
- f) Áfram verður lögð áhersla á vettvangsferðir eldri barna á leiksvæði og aðra leikskóla í kring.
- g) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur mælst gegn notkun opnanlegra faga á suður- og austurhliðum hússins. Stjórnendum og starfsfólki Kvistaborgar verður gert grein fyrir því. Loftræstikerfi hússins hefur fulla virkni, síur er nýjar og getur loftræstikerfið annað þeim loftskiptum sem starfsemi og stærð húsnæðis þurfa.
- h) Farið verður eftir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í greinargerð (tilv. UMH22040044/8.13) Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti dags. 2. júní 2022 vegna undanþágubeiðni fyrir leikskólann Sunnuás í Kringlunni 1.
- i) Byggingarfulltrúi hefur þegar staðfest notkun Kringlunnar 1 fyrir tímabundna notkun leikskóla (tilv.: BN061614).
- j) Eins og fyrr greinir eru upp komin vandamál víða í leikskólahúsnæði Reykjavíkurborgar er snúa að innivist og myglu. Þeim vanda þarf að bregðast við strax og slíkt er ekki gert án bráðabirgðahúsnæðis.
- k) Reykjavíkurborg hefur þegar kallað eftir ráðgjöf um uppsetningu á hljóðgildrum við sunnan- og vestanverð lóðamörk svo bæta megi hljóðvist á leiksvæði og innanhúss

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs

Dagur Bollason

Eignaskrifstofa Reykjavíkur



Umsögn um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti og reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2023080245

Málalyklar: 23.7 Almenningsgarðar

Eigandi skjals: Rósa Magnúsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 24.08.2023

Dagsetning skjals: 23.08.2023

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Íris Bjargmundsdóttir"

Notandi: "Íris Bjargmundsdóttir"

Dagsetning: 23.8.2023 13:42:29

Til: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>, "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>

Afrit til: "Rósa Magnúsdóttir", "Steinunn Karlsdóttir"

"Gunnhildur Sif Oddsdóttir"

"Trausti Ágúst Hermannsson"

Efni: Umsögn um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti og reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

Góðan dag

Sjá meðfylgjandi beiðni Reykjavíkurborgar um undanþágu frá 1. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim vegna starfsemi leikskóla í húsnæði Kringlunnar 1 í Reykjavík.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. laganna.

Í ljósi framangreinds óskar ráðuneytið eftir umsögn heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar um beiðni um undanþágu frá framangreindum ákvæðum.

Óskað er eftir að umsögnin berist sem fyrst og eigi síðar en 7. september nk.

Kveðja

Íris Bjargmundsdóttir


Íris Bjargmundsdóttir, lögfræðingur / Head of Division, Deputy Director

Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar / Department of Strategic Planning and Implementation

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment,
Energy and Climate
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

 - Umsókn Kringlan 1.pdf  -

EFLA hljóðmæling dags. 9.6.2022.pdf  - VISTA loftmælingar ágúst 2022 tilv.
UV22-5.pdf

 - Eftirfylgniferð Sunnuás Kringlunni 1 þann 10.06.2022.pdf



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2023
Tilvísun: 2023080245/23.7

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um erindi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem óskað er umsagnar um beiðni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) og Eignaskrifstofu Reykjavíkur (ER) um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim, vegna starfsemi leikskóla í Kringlunni 1.

Vísað er til erindis dags 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um beiðni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Eignaskrifstofu Reykjavíkur, dagsett 3. ágúst sl. um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. *reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti* og 7. gr. *reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim* og síðan aftur þann 22. september með viðbótarupplýsingum, þar sem sótt er um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. *reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti* fyrir leikskólastarfsemi að Kringlunni 1. Undanþágubeiðnin snýst að mestu um nýtingu lóðarinnar fyrir leikskólastarfsemi. Áður í húsnæðinu hefur verið starfsemi leikskólans Sunnuás tímabundið og þar á undan hýsti húsnæðið m.a. Vinnumálastofnun.

Undanþágubeiðni nær til ákvæðis í 1. mgr. 34. gr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „*Þess skal gætt við staðsetningu skóla, daggæslu dagforeldra, frístundaheimila og leikvalla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi* .“ og reglugerðar nr. 1025/2022 sem nefnd er hér að ofan, segir meðal annars í 3. mgr. 7. gr.: „*Óheimilt er að staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun* .“

Umhverfistofnun óskaði þann 30. ágúst sl. eftir frekari rökstuðningi og forsendum þess að sótt var um undanþágu á þessari staðsetningu fyrir leikskóla. Ráðuneytið gaf umsækjanda frest til að skila viðbótarupplýsingum og bárust þær þann 21. september sl. og fékk HER einnig viðbótagögnin sem bárust frá umsækjanda.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) telur að umsækjandi um undanþágu hafi ekki komið með nægan rökstuðning fyrir því að unnt sé að veita undanþágu fyrir því að nýta lóðina við Kringluna 1 sem leiksvæði fyrir leikskóla. Viðbótagögn frá SFS og ER bæta engu við rökstuðning eða skýra forsendur fyrir undanþágu eins og óskað var eftir.

Í erindi SFS og ER kemur ekkert fram er varðar hollustu húsnæðis leikskólans en í minnisblaði frá Eflu dags. þann 28.04.2022 kemur fram að húsnæði hefur einungis verið skoðað með það í huga að um mjög tímabundna lausn sé að ræða.


HER skoðaði húsnæðið fyrst þann 7. apríl 2022 sem var ætlað til notkunar til bráðabirgða, vegna leikskólans Sunnuáss sem átti að vera þar í stuttan tíma. HER gerði umsögn þann 5.



maí 2022 þar sem kemur fram að HER telur að staðsetning leikskóla á þessum stað sé afar óheppileg þó að um tímabundna lausn hafi verið að ræða. HER féllst á að veita tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemi á þessum stað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og mótvægisáðgerðum vegna ástands sem upp kom á fyrri staðsetningu leikskólans og þar sem um tímabundna lausn væri að ræða sem átti að mestu að vera yfir sumartímann. Í starfsleyfi sem gefið var út þann 7. júní 2022 og gildi til 15. október 2022 kemur fram að óheimilt sé að nota leiksvæði sunnan við húsið, þar sem það er staðsett í dæld. SFS lét þá gera viðbótarmælingar og í kjölfarið féllst HER á mjög takmarkaða notkun leiksvæðisins, á þeim tíma sem umferð um Kringlumýrarbraut er hvað minnst yfir daginn að því tilskyldu að loftgæðamælar við Grensásveg sýndu góð loftgæði (lýstu á grænu). Jafnframt var gert að skilyrði að rauntímamælingar færu fram á staðnum. Áætlað varað starfsemin hætti í október áður en nagladekkjatímabilið hæfist. Hávaði frá umferð eykst á nagladekkjatímabili, umferðverður meiri og loftmengun eykst yfir vetrartímann. Reynslan sýndi síðan að rekstraraðili fór ekki eftir fyrirmælum HER um útivistartíma á leiksvæðinu.

Rétt er að ítreka að ofangreint tímabundið starfsleyfi var aðeins lausn til skamms tíma fyrir einn leikskóla. Í núverandi umsagnarbeiðni er óskað eftir undanþágu til mun lengri tíma sem gæti þýtt að einhver börn gætu verið alla sína leikskólagöngu á þessum stað. Ætlunin er að nota húsnæðið og lóðina sem bráðabirgðahúsnæði fyrir börn ef fara þarf í umfangsmiklar framkvæmdir í þeirra skólahúsnæði.

Skv. grein 34 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti sem sótt er um undanþágu frá, skal þess gætt við staðsetningu skóla, daggæslu í heimahúsum, gæsluvalla og leikvalla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi. SFS hefur lagt fram hávaðakort byggt á útreikningum frá verkfræðistofunni Eflu en skv. þeim fer hávaði ekki yfir mörk á leiksvæði á lóð. HER framkvæmdi hávaðamælingu með kvörðuðum mælitækjum í samræmi við leiðbeiningar UST og voru niðurstöðurnar þær að jafngildishljóðstig á starfstíma leikskólans væri yfir leyfilegum mörkum á lóð og við húsvegg en reiknað meðaltal mælinganna var 57 dB, sjá meðfylgjandi gögn. Mælingar stóðu yfir frá 14. apríl til 5 maí og eru því almennir frídagar á tímabilinu sem ljóst er að hefur áhrif á umferðarþunga og þar af leiðir umferðarhávaða. Auk þess ber að taka fram að þessi mæling var framkvæmd að vori til en á nagladekkjatímabilinu mun hávaði aukast. HER áréttar að raunmælingar gefa alltaf raunsannari mynd af ástandinu en útreiknuð gildi með líkönum. Skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, töflu I í viðauka, skal umferðarhávaði ekki vera meiri en 55 dB(A) við húsvegg leik- og grunnskóla. Þá segir í 4. gr. reglugerðarinnar að þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 LAeq. Auk mælinga HER er fyrirliggjandi hávaðakort gert skv. reglugerð nr. 1000/2005 um hávaðakort og aðgerðaráætlanir, gert af Eflu fyrir Reykjavíkurborg og er frá 2017 en það er aðgengilegt á vef Umhverfisstofnunar (UST). Skv. þessu hávaðakorti eru þessi skilyrði ekki uppfyllt við hús leikskólans né á lóð hans (sjá mynd 1). Líkur eru á miðað við aukið umferðarmagn frá 2017 að umferðarhávaði hafi aukist.



Mynd 1. Hávaðakort fyrir svæðið við Kringluna 1-3, gert af Eflu skv. Reglugerð nr. 1000/2005 árið 2017. Hljóðstig á lóð er á bilinu 60-65 dB.

Hvað varðar loftgæði þá er húsið staðsett mjög stutt frá umferðapungri götu en en leiksvæðið sem sótt er um undanþágu fyrir sunnan megin við húsið er í u.þ.b. 27 m fjarlægð frá stórrí stofnbraut (Kringlumýrabraut) og svæðið austan megin við húsið, við inngang og bílastæði, er 30 m frá götunni við Kringluna. Skv. meðfylgjandi gögnum frá Vegagerðinni var dagleg meðaltalsumferð á þessu svæði við Kringlumýrabraut 42.500 bílar yfir sumarið og 39.500 bílar yfir veturinn 2020. Skv. umferðartalningu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var dagleg meðaltalsumferð um Kringlumýrabraut við Kringluna 40.333 bílar (vestan við húsið), 11.164 bílar við Listabraut (sunnan við húsið) og 6363 bílar við götuna við Kringluna (austan við húsið).

Ljóst er að loftmengun og hávaði á þessum stað er meiri en ásættanlegt getur talist fyrir leiksvæði barna.

Samkvæmt rannsóknum hefur hávaðamengun áhrif á heyrn og heyrnarþroska barna, einbeitingu, lærdóm og málþroska. Í ljósi þessa eru gerðar strangari kröfur um hljóðstig í umhverfi barna en fullorðinna. Meðfylgjandi umsögninni eru upplýsingar um áhrif hávaða á börn frá EPA, Umhverfisstofnun Bandaríkjanna.

Nýleg samantekt á rannsóknum á áhrifum loftmengunar á börn sem birt var í Journal of Transport and Health 2021 (grein fylgir með umsögn) staðfestir að loftmengandi efni frá umferð hafa áhrif á vitsmunarþroska, taugarþroska og þroska öndunarfæra barna. Há gildi loftmengandi efna leiða einnig til aukningar öndunarfærasýkinga, astma, barkabólgu og



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

annarra öndunarfærásjúkdóma hjá börnum. Eins hefur umferðartengd loftmengun áhrif á hjarta og æðakerfi og er talin tengjast ofnæmissjúkdómum hjá börnum.

HER hefur staðsett loftgæðafarstöðvar sínar víðsvegar á þessu svæði, m.a. við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, við leikskólann Stakkaborg í Bólstaðarhlíð og á horni Stakkahlíðar og Miklubrautar. Mælingar við Stakkahlíð og gatnamótin leiddu í ljós að mengun á þessum stöðum er jafnmikil eða meiri en mælist í mælistöð UST við Grensásveg, sem á að sýna mestu loftmengun frá umferð í borginni. Við leikskólann Stakkaborg var svifryksmengun minni en við Grensás en köfnunarefnisdíoxíðsmengun sú sama. Benda má á að lóð leikskólans Stakkaborgar er í um 74 m fjarlægð frá Miklubraut og 89 m frá Kringlumýrarbraut, á meðan lóðin við Kringluna 1-3 er í um 27 m fjarlægð frá Kringlumýrarbraut og í um 20 m fjarlægð frá Listabraut og Kringlunni. Miðað fyrirliggjandi upplýsingar um dreifingu loftmengunar og umferðarmagn er ljóst að loftmengun er mikil á þessu svæði. Gera má ráð fyrir að loftmengun við Kringluna 1 geti því orðið enn meiri en við þá leikskóla sem mælingar liggja fyrir um. Þar sem lóðin myndar einskonar bolla ofan í lægð er hætt við að útblástursgös s.s. köfnunarefnisdíoxíð safnist þar saman. Taka ber fram að loftgæðafarstöðvar HER eru kvörðuð tæki sem uppfylla kröfur laga og reglugerða. Mælingar með einföldum loftgæðamælum geta gefið ákveðnar vísbendingar en uppfylla ekki gæðakröfur. HER hefur einnig verið með einfaldan loftgæðamæli frá fyrirtækinu Airly á húsinu, sá mælir hefur mælt nokkuð há gildi ósons í viðbót við köfnunarefnisdíoxíð og svifryk.

Sé horft til ráðlegginga EPA, Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna og WHO,

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og EEA, Umhverfisstofnunar Evrópu þá ber að velja skólum og leikskólum stað þar sem líkur á loftmengun eru litlar. Meðfylgjandi þessari umsögn eru upplýsingar frá þessum stofnunum varðandi málið. Þegar velja á leikskólum stað í dag þarf að horfa til þess að staðsetja þá ekki nærri uppsprettu mengunar til að vernda heilsu barna sem þar dvelja stærstan hluta dagsins yfir vinnuvíkuna og stunda þar mikla útivist. Mikilvægt er að setja heilsu barna í forgang og fara að ákvæðum laga og reglugerða, auk ráðlegginga sem byggðar eru á rannsóknum á heilsufarsáhrifum.

HER hefur ríka skyldu til að vernda viðkvæma hópa, en börn eru sérlega viðkvæmur hópur þar sem þau eru enn að vaxa og þroskast. Það er því sérstaklega mikilvægt að tryggja þeim eins heilnæmt og öruggt umhverfi til að vaxa upp í og unnt er.

Í ljósi þess sem fram kemur hér að ofan er rétt að taka fram að HER telur grundvallar mun á því að veita leyfi í skamman tíma yfir sumarið með takmörkunum á notkun leiksvæðisins vegna aðkallandi aðstæðna sem urðu í einum leikskóla borgarinnar eða veita leyfi á þessum stað til lengri tíma sem myndi þýða að börn sem hefja leikskólagöngu á verða að öllum líkindum alla sína leikskólagöngu við óviðunandi /heilsuspillandi aðstæður á leiksvæði vegna loftmengunar og hávaða.

HER leggst gegn því að umbeðin undanþága frá 1. mgr. 34. gr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „*Þess skal gætt við staðsetningu skóla, daggæslu dagforeldra, frístundaheimila og leikvalla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi* .” og reglugerðar nr. 1025/2022 þar sem segir meðal annars í 3. mgr. 7. gr.: „*Óheimilt er að staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun* .” verði veitt og telur að heilsu barnanna sé stefnt í hættu ef svæðið verður notað sem leiksvæði fyrir leikskólabörn. Rannsóknir sýna fram á heilsufarshættu til lengri tíma dveljist börn á svæðum þar sem loftmengun er til staðar eins og er á þessu svæði. Á svæðinu er einnig hávaði yfir mörkum reglugerðar með tilheyrandi óþægindum og heilsufarsáhrifum.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HER telur ennfremur að það sé ekki ásættanleg lausn á húsnæðisvanda leikskóla að færa starfsemina úr húsnæði sem talið er ófullnægjandi á stað þar sem sannarlega eru heilsuspillandi aðstæður á lóð sem ætlað er sem leiksvæði barna.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Astrún Eva Sívertsen
Ástrún Eva Sívertsen
heilbrigðisfulltrúi



Rósa Magnúsdóttir
Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri



Reykjavíkurborg - eignasjóður
Borgartúni 10-12
105 Reykjavík

Dagsetning 13.2.2024
Málsnúmer URN24020026

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 3. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir undanþágu frá 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirliti með þeim vegna starfsemi leikskóla í húsnæði Kringlunnar 1 í Reykjavík.

Í erindinu vísar Reykjavíkurborg til þess að síðan í júní 2022 hafi Reykjavíkurborg fært sér í not húsnæði á fyrstu hæð í Kringlunni 1 (F2031783) sem bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla. Sú bráðabirgðastarfsemi sem rekin hafi verið í Kringlunni 1 hafi þótt gefast vel og í því ljósi hafi verið sótt um starfsleyfi í Kringlunni 1 að nýju og nú fyrir leikskólann Kvistaborg. Áætlað sé að nýta Kringluna 1 á sama hátt og verið hafi í tilviki Sunnuáss þar sem öll neðsta hæðin sé nýtt að undanskildum geymslum. Það tímabil sem sótt sé um undanþágu fyrir miðist við 31. október 2023 til 31. júlí 2025. Í beiðninni var síðan rakið nánar í 11 liðum röksemdir fyrir því að fallist verði á beiðnina.

Í bréfi ráðuneytisins þann 27. desember sl. til umsækjanda þar sem ráðuneytið tilkynnti um áform sín um að synja beiðninni er vísað til ákvæðis 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem kemur fram að ráðherra geti þegar sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. laganna. Samkvæmt 74. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sé ráðherra heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

Jafnframt er vísað til þess að markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sé að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðuð umhverfi. Reglugerðir nr. 941/2002 um hollustuhætti og nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim séu settar með stoð í 4. gr. laga nr. 7/1998 til að stuðla að framkvæmd hollustuverndar. Í umsókn sinni óski Reykjavíkurborg eftir undanþágu frá 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 annars vegar og 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 hins vegar en þau ákvæði fjalli um staðsetningu skóla og leiksvæða með það að markmiði að tryggja að ekki verði um hættu eða ónæði að ræða m.a. frá umferð. Þessi ákvæði séu sett til að vernda börn sem er sérstaklega viðkvæmur hópur þar sem þau eru enn að vaxa og þroskast og um leið einn sá hópur sem er hvað viðkvæmastur fyrir hávaða- og loftmengun. Í fyrrgreindum reglugerðarákvæðum séu gerðar ríkar kröfur um val á staðsetningu skóla og leiksvæða þar sem 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 kveður á um að þess skuli gætt að ekki sé um ónæði að ræða af umferð og 7. gr. reglugerðar nr. 1125/2022 kveður á um að óheimilt sé að staðsetja leiksvæði þar sem ætla megi að börnum geti stafað hætta eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð.

Í ljósi framangreinds auk neikvæðra umsagna Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar áformi ráðuneytið að synja beiðninni. Í bréfinu var yður gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhuguð áform og frestur veittur til 17. janúar 2024 til að koma að slíkum athugasemdum.

Engar athugasemdir hafa borist ráðuneytinu frá Reykjavíkurborg vegna áforma ráðuneytisins um að synja umræddri beiðni. Með vísan til þess sem að framan greinir synjar ráðuneytið beiðni um undanþágu frá 34. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim vegna starfsemi leikskóla í húsnæði Kringlunnar 1 í Reykjavík.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Ólafur Darri Andrason

Trausti Ágúst Hermannsson